

Fundur haldinn 19.10. 2017 kl. 14:00 í Hermes. Mættir: Jón Þórðarson formaður, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson. Formaður stjórnar setti fund og stýrði honum.

## Dagskrá fundarins.

### Undirbúningur aðalfundar.

Ákveðið var **að fresta boðuðum aðalfundi til 17. nóvember nk.**

Forstöðumaður fór yfir drög ársreiknings fyrir árið 2016. Rekstur Skólaskrifstofunnar á árinu var innan fjárhagsáætlunar að lífeyrisskuldbindingum undanskildum. Lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um kr. 17,8 milljónir. Niðurstaða ársreikningsins er því halli upp á kr. 18,5 milljónir, en áætlaður halli var 6,0 millj. Ákveðið að vísa ársreikningnum til aðalfundar til samþykktar.

Drög að fjárhagsáætlun 2018 voru rædd og samþykkt að leggja þau fram á aðalfundi 17. nóvember til umræðu og samþykktar. Gert er ráð fyrir að framlög aðildarsveitarfélaga hækki um 3%.

### Önnur mál.

Forstöðumaður greindi frá mannahaldi, en Hugrún Sigurjónsdóttir sálfræðingur hefur verið ráðin tímabundið frá okt. fram í des. nk. Einnig hefur tekist að ráða í stöðu sálfræðings sem auglýst var laus frá því í sumar. Steinunn Ásta Lárusdóttir sálfræðingur hefur verið ráðin frá 1. nóvember, ótímabundið.

Forstöðumaður sagði frá erindi HSA þar sem kynnt er sálfræðiþjónusta og hvernig fyrirkomulag hennar verður. Ákveðið var að forstöðumaður og formaður stjórnar SKA óski eftir fundi með forstjóra HSA til að fara yfir samstarf vegna sálfræðiþjónustu á svæðinu. Fundarmenn ræddu hvaða úrræði eru til staðar þegar nemendur eiga í miklum hegðunar- og námsvanda og hvort þörf er á sértækum úrræðum fyrir allt svæðið. Ýmsar hugmyndir ræddar.

Ákveðið var að forstöðumaður kanni möguleika á að fá gesti inn á aðalfund SKA til að flytja stuttar kynningar sem tengjast þjónustu sveitarfélaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.15:30.

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson